

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Akureyrarbær
Pétur Bolli Jóhannesson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 19. maí 2008
Tilvísun: UST20080300056/ksj

Akstursíprótta- og skotsvæði í Glerárdal, Akureyri, deiliskipulagstillaga.

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Akureyrarkaupstaðar er barst Umhverfisstofnun þann 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir aksturs- og skotsvæði á Glerárdal, Akureyri. Markmið deiliskipulagsins er að byggja upp framtíðar æfinga- og keppnissvæði fyrir eftirfarandi þrjú félög: Bílaklúbb Akureyrar, Akstursípróttafélag vélsleða- og vélhjólamanna á Akureyri og Skotfélag Akureyrar. Meðfylgjandi skipulagsgögn eru: deiliskipulagsuppdráttur, skýringaruppdráttir, greinargerð, yfirfarin skýrsla um mat á áhrifum hljóðvistar, og endurunnin umhverfisskýrsla ásamt svörum við athugasemdum er bárust við fyrri auglýsingu tillögunnar. Svæðið er deiliskipulagstillagan nær til afmarkast í meginráttum af: verndarsvæði Glerár í suðri, Hlíðarfjallsvegi í norðri, háspennulínunum í austri og lækjum í rótum Hlíðarfjalls í vestri.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreind gögn.

Náttúruminjar

Eins og fram hefur komið liggja mörk deiliskipulagssvæðisins að verndarsvæði Glerár eða Glerárgili. Glerárgil er á náttúruminjaskrá (508) sbr. eftirfarandi lýsingu í skránni: „**Glerárgil**, Akureyri, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólvelli, upp gilið að ármótum Glerár og Hlífár. (2) Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrófsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar.“ Athuga skal að við það er almennt miðað þegar vötn, ár og tjarnir eru sett á náttúruminjaskrá að vernda beri ána og farveg hennar ásamt 100 metra breiðu beltum ofan eðlilegra flóðamarka eða gljúfurbrúna. Miðað við þau viðmið er framkvæmdum ætlað að fara inn á náttúruverndarsvæði. Fyrir ofan Glerárgilið er Glerárdalur sem nýtur hverfisverndar, en dalurinn nýtur verndar vegna náttúruvafars og útivistargildis. Í greinargerð með aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018 koma fram markmið um betra aðgengi, en þau eru: „*Gerð verði áætlun um bætt aðgengi með gerð bilastæða og gönguleiða.*“ Umhverfisstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að ekki verði þrengt að svæði á náttúruminjaskrá og að göngustígur meðfram giliinu norðanverðu, alla leið upp á Glerárdal verði að veruleika. Samkvæmt

deiliskipulagstillögunni liggur göngustígur á gilbrún meðfram æfinga- og keppnissvæði Bílaklúbbs Akureyrar, og Kappakstursklúbbs Akureyrar en liggur síðan meðfram lóðarmörkum milli svæðis Kappakstursklúbbs Akureyrar og Skotfélags Akureyrar og gegnum svæði Skotfélags Akureyrar. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að endurskipuleggja svæði Skotfélags Akureyrar að því marki að göngustígur geti legið meðfram gljúfri alla leið upp á Glerárdal. Einnig þyrfti að mati stofnunarinnar að endurskoða öryggissvæði þeirra skotæfingabrauta er kallast „*skeet og trap brautir*“ sem eins og segir í umhverfisskýrslu: „*ná yfir lengri riffilbraut Skotfélags Akureyrar og út fyrir deiliskipulagssvæðið að sunnanverðu og inn á verndarsvæði Glerár. Á umræddu svæði er gil Glerár mjög bratt og erfitt eða ófært yfirferðar.*“ Síðan er fullyrt í umhverfisskýrslu að á umræddu svæði sé ekki virkt útivistarsvæði og aðgangur erfiður og þess vegna sé réttlæt看legt að öryggissvæðið liggji innan verndarsvæðisins. Umhverfisstofnun getur ekki tekið undir ofangreindan rökstuðning enda kemur fram í umhverfisskýrslu að miðað sé við að innan þessa öryggissvæðis geti mögulega fallið brot úr leirdúfum. Umhverfisstofnun fellst ekki heldur á að ásæt看legt sé að fara með öryggissvæðið inn á náttúruminjasvæði þótt eins og segir í skýrslunni:

„*Skotæfingafélag Akureyrar hefur verið með starfsemi á þessum stað í 10 ár og finnast samt engin augljós merki á eða við gilið.*“ Umhverfisstofnun telur að skotæfingasvæði eigi ekki á neinn hátt að takmarka aðgengi almennings um svæði á náttúruminjasvæði, og ef aðgengi er ördugt ætti að bregðast við með að finna stað fyrir göngustíg eftir gilbrún og hanna riffilbrautir þannig að þær skerði ekki útivistargildi svæðisins. Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um svæði á náttúruminjasvæði í umhverfisskýrslu sé á misskilningi byggð en þar segir: „*er talið réttlæt看legt að öryggissvæðið liggji innan verndarsvæðisins á umræddum kafla, enda í raun fyrst og fremst verið að vernda landform og flóru en ekki útivistargildi á tilteknum stað.*“ Að mati Umhverfisstofnunar stangast þessar fullyrðingar á við markmið í núverandi aðalskipulagi en þar segir: „*Opin svæði innan og utan bæjar skulu tengd saman og mynda eina heild.*“ Þessu markmiði yrði náð með gönguslóða/gönguleið meðfram Glerárgljúfri alla leið upp í Glerárdal. Umhverfisstofnun telur að gönguslóði fyrir almenning sem stundar útivist og vill skoða svæði á náttúruminjasvæði eigi að vera aðskilinn frá skotæfingasvæði Skotfélags Akureyrar. Einnig telur stofnunin að öryggissvæði vegna skotæfinga eigi alls ekki ná yfir á svæði á náttúruminjasvæði, enda þarf umferð um og við skotæfingasvæðið að vera takmörkuð vegna eðli starfseminnar og umfangs öryggissvæða og skotæfingasvæðið að vera afgirt með 1,2 – 2,0 m girðingu eins og kemur fram í skýrslunni.

Hljóðvist

Verkfræðistofan Línuhönnun hefur skoðað áhrif uppbyggingar á akstursíprótta- og skotæfingasvæði á Glerárdal á hljóðvist á svæðinu. Í skýrslu Línuhönnunar kemur í ljós að athuganir sýna að væntanleg starfsemi svæðisins muni verða innan við íslensk viðmiðunargildi þar sem reiknað er jafngildishljóðstig yfir 24 klukkustundir. Línuhönnun skoðaði einnig viðeigandi reglugerðarkröfur frá Danmörku og Svíþjóð, enda kemur fram í 1. lið viðauka við reglugerð um hávaða nr. 933/1999 að slíkt skuli gera í tilvikum eins og hér um ræðir sbr. „*Ef upp koma tilvik sem þessar reglur ná ekki yfir, skal velja viðurkennda hávaðareglu sem stuðst er við í slíkum tilvikum í einhverju hinna Norðurlandanna.*“ Sú starfsemi á svæði Bílaklúbbs Akureyrar sem getur haft í för með sér mestan hávaða eru æfingar og keppni í spyrnu. Spyrna er stunduð á sumrin, bæði æfingar og keppni. Í skýrslu frá Línuhönnun kemur fram að hámarks augnablikshljóðstig frá spyrnubraut $L_{max,1}$ fer yfir mörkin hvað varðar verndarsvæði Glerár, hljóðstigið er yfir mörkum við íbúðarbyggð að Hlíðarenda, við Lögmannshlíðarkirkju og Glerárbæ. Athygli vekur að hávaðamengunin nær til göngustígar upp með Glerárgljúfri að sunnanverðu og göngustígur meðfram Glerárgljúfri að norðanverðu er innan hávaðamengunarsvæðis á afar löngum kafla. Hvað varðar svæði

Kappakstursklúbbs Akureyrar eru niðurstöður Línuhönnunar þær að Motor Cross brautir sýna við 1 klukkustundar hámarksnotkun jafngildishljóðstig *Leg, 1kls* sem gefur hljóðstig sem fer yfir danskar kröfur á verndarsvæði Glerár.

Starfsemi á skotæfingasvæði Skotfélags Akureyrar mun valda hávaða sem er yfir viðmiðunargildi um augnablikshljóðstig á verndarsvæði Glerár. Göngustígar beggja vegna svæðis á náttúruminjaskrá verða inni á svæði þar sem hljóðstig verður $L_{max} 55 - 68$ dB á löngum kafla. Göngustígur norðan megin við gljúfrin sem ætlað er að hlykkjast um svæði Skotfélags Akureyrar verður á svæði sem hávaði nær til. Umhverfisstofnun vekur athygli á að reiðleiðir, hestúsahverfi og fagurt útivistarsvæði þar sem fólk fer til að njóta útiveru og hvíldar annars vegar og hávaðasamar aksturs- og skotíþróttir fara afar illa saman. Í umfjöllun um hljóðmengun í umhverfisskýrslu kemur fram að „*Hugsanlegt er að endurskoða legu gönguleiðarinnar við gerð heildarskipulags af Glerárvæðinu, verði talin þörf á.*“

Umhverfisstofnun undirstrikar að gönguleið verði á brún Glerárgils að norðanverðu án takmarkana þar sem útivistarfólk geti óáreitt stundað útivist og náttúruskoðun. Aðlaga ætti aðra starfsemi að svæði á náttúruminjaskrá. Þar sem hávaðamengun á náttúruverndarsvæði verður væntanlega mest frá starfsemi Skotfélagsins og sú starfsemi mun takmarka útivist á náttúruminjaskrá mest og koma í veg fyrir göngustíg meðfram Glerárgili alla leið uppí Glerárdal, telur Umhverfisstofnun mjög mikilvægt að skipulag þess svæðis verði endurskoðað með hagsmuni náttúruverndarsvæðis og útivistarfólks að leiðarljósi. Einnig er ljóst að hávaðamengun mun hafa áhrif á íbúðabyggð, hestúsabyggð og fyrirbyggjandi reiðleiðir, enda kemur fram að verið er að skoða nýjar reiðleiðir þar sem hávaðamengun er ekki talin valda reiðmönnum hættu. Á mynd 19 í umhverfisskýrslu koma fram tillögur að nýjum reiðleiðum þar sem sést að tillagan um leið B er lengst frá skipulagssvæðinu, en einnig er sýndur kostur A-2. Umhverfisstofnun telur B-kost koma mest til móts við hestafólk, þar sem hávaðamengun er minnst þar, en stofnunin gerir athugasemd við að tillögur um breyttar reiðleiðir eru ekki sýndar á deiliskipulagstillögunni.

Landslag og sjónrænir þættir

Það svæði sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan er mikið raskað og hefur það verið nýtt sem námasvæði og jarðvegstíppur um langa hríð. Mikilvægt er að gengið sé frá deiliskipulagssvæðinu með framkvæmdum og gróðri enda berst þaðan svifryk á nærliggjandi svæði. Fyrirhugaðar áætlanir um frágang gefa ekki tilefni til athugasemda utan þess að á þrívíddarmyndum er fylgja erindinu eru manir sem sýndar eru við austurmörk svæðis Bílklúbbs Akureyrar afar háar og brattar og falla illa að nánasta umhverfi. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi betur grein fyrir austurmörkum framkvæmdasvæðisins og sýna girðingar umhverfis svæðið. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þar sem framkvæmdasvæðið og svæði á náttúruminjaskrá mætast verði vandað vel til verka og gróður og frágangur miði að því að vera í samræmi við óraskað svæði á náttúruminjaskrá og önnur aðliggjandi svæði. Svæðið sem ætlað er fyrir starfsemi Skotfélags Akureyrar liggur efst og vestast á framkvæmdasvæðinu. Á því svæði eru framkvæmdir komnar áleiðis á bráðabirgðaleyfum. Þó er enn eftir vinna við lengri riffilbrautina og telur Umhverfisstofnun mikilvægt að nýta sér þá staðreynd og færa hana lengra frá svæði á náttúruminjaskrá svo hljóðmengun og önnur truflun frá skotæfingasvæðinu nái ekki inn á náttúruminjasvæðið. Akstursíþróttir og skotæfingar eru mikilvægar íþróttir fyrir þann hóp er þær stunda, en jafnframt fer mikilvægi útivistar í fagurri náttúru sívaxandi fyrir stóran hóp. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að staðið sé þannig að framkvæmdum að svigrúm sé fyrir útivist og náttúrurskoðun samfara því að ofangreindir klúbbar fái stað fyrir sína íþróttaiðkun.

Í umhverfisskýrslu með deiliskipulagstillögu kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa í för með sér landmótun og og tilfærslu efnis á svæðinu, sem miðast m.a. að því að

skerma svæðið af með hljóðmönnum, svo það sé minna áberandi utan frá og til að takmarka að hljóð berist frá starfsemi á svæðinu. Einnig kemur fram í umfjöllun um væntanlegar framkvæmdir að talið er nauðsynlegt að svæði félaganna þriggja verði girt af með 1,2 m – 2 m hárrí girðingu. Væntanleg staðsetning girðinga kemur hvorki fram í greinargerð eða á uppdrætti, en í umhverfisskýrslu kemur fram að „Miðað er við að girðingar séu staðsettar þar sem þær falla best að landi og valdi sem minnstum sjónrænum áhrifum.“

Umhverfisstofnun telur að í umhverfisskýrslu sé ekki gerð nægjanleg grein fyrir girðingum á svæðinu, þær eru hvorki sýndar á deiliskipulagsuppdráttum né á sneiðmyndum sem fylgja með til skýringa og er ætlað að sýna stærðir hljóðmana. Umhverfisstofnun telur að girðingar muni hafa afgerandi áhrif hvað varðar sjónræn áhrif framkvæmdanna, og telur því að hér skorti upplýsingar.


Loft- og vatnsgæði – fráveita


Starfsemi á áætluðu framkvæmdasvæði mun hafa loftmengun í för með sér í formi útblásturs frá jarðefnaeldsneyti. Frágangur á námasvæði og jarðvegstípp munu útiloka uppblástur frá svæðinu. Fara þarf í mikla rykbindingu ella mun verða mikil rykmengun á svæðinu. Hætta er á jarðvegsmengun af völdum eldsneytis og olfu. Umhverfisstofnun undirstríkar mikilvægi þess að samvinna verði höfð við heilbrigðiseftirlit svæðisins um vöktun á svæðinu gagnvart mengun.

Niðurstaða

Deiliskipulagt hefur verið svæði fyrir akstursípróttir, æfingaakstur og skotæfingar og er ofangreindum ípróttum ætlaður staður meðfram Glerá að norðanverðu. Mikilvægt er að ofangreindri starfsemi sé búinn hentugur vettvangur. Vegna nálægðar deiliskipulagssvæðis við svæði á náttúruminjaskrá og svæða fyrir aðrar útípróttir er ljóst að starfsemin mun hafa töluverða hávaðamengun í för með sér á verndarsvæði og á núverandi reiðleiðum. Við skipulag fyrir ofangreinda starfsemi er mikilvægt að tekið sé tillit til starfsemi á nálægum og aðliggjandi svæðum. Þar sem framkvæmdavæðið liggur milli tveggja hesthúsahverfa er nauðsynlegt að breyta núverandi reiðleiðum t.d. í samræmi við mynd. 19 í umhverfisskýrslu, en stofnunin gerir athugasemdir við það að þær tillögur um breyttar reiðleiðir eru ekki inni á deiliskipulagstillögunni. Einnig vekur stofnunin athygli á að upplýsingar skortir um nána staðsetningu girðinga og sjónræn áhrif hennar á umhverfi deiliskipulagssvæðisins. Glerárgljúfur er á náttúruminjaskrá. Svæði á náttúruminjaskrá eru mikilvæg til náttúruskoðunar og útivistar. Umhverfisstofnun getur ekki fallist á þá takmörkun á útivistarmöguleikum og þá hávaðamengun í Glerárgljúfrum sem fyrirhuguð deiliskipulagstillaga að óbreyttu mun hafa í för með sér.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri